



UST

Skipulagsstofnun  
Óli Halldórsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SG</i> <i>KG</i>
22 APR. 2003
Tilv. <i>UST20030300247</i>

Umhverfisstofnun  
Environment and Food Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24  
150-108 Reykjavík, Ísland  
T: +354 591 2000  
Fax: +354 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

16. apríl 2003

Tilvísun: UST20030300247/kg

### Stækkun Grundartangahafnar í Hvalfirði. Matsskylda


Vísað er til erindis yðar, dags. 26. mars sl., þar sem þér óskið eftir álitni Umhverfisstofnunar hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á eftirfarandi atriði sem tengjast áætlunum um stækkun hafnarinnar eins og lýst er í gögnum framkvæmdaraðila.

- Fram kemur að fyrirhuguð stækkun er í samræmi við samþykkt svæðisskipulag og deiliskipulag en að breyta þurfi aðalskipulagi. Ekki er skýrt hvernig þetta misræmi er til komið.
- Í gögnum framkvæmdaraðila sem fylgja með erindi yðar er ekki fjallað um það hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu líklegar til þess að hafa áhrif á gegnumstreymi um flæðigryfjur innan núverandi hafnar svæðis. Umhverfisstofnun bendir á að tryggja verður óheft flæði til þess að flæðigryfjurnar gegni hlutverki sínu.
- Eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila er varp dýpkunarefnis í hafið óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Málsmeðferð varðandi leyfisveitingar er í samræmi við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.
- Vegna tíðari skipaferða til Grundartangahafnar verður sennilega að endurskoða viðbragðsáætlun hafnarinnar.
- Umhverfisstofnun vekur athygli á þeirri óvissu sem ríkir varðandi umhverfisáhrif efnistöku í sjó en engar athuganir hafa verið gerðar á þeim.
- Umhverfisstofnun minnir og á að leggja þarf fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. og 49. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur ekki að framangreindir þættir séu líklegir til þess að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum ef fylgt verður lýsingu framkvæmdanna í gögnum framkvæmdaraðila og telur því ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Virðingarfyllst,

  
Sigurbjörg Gísladóttir

  
Kristján Geirsson  
fagstjóri